

Sæl verið þið ágæta fólk í Íbúaráði Kjalarnes,

Hér koma þrjú erindi sem mig langar að koma í ykkar hendur. Þetta eru hugmyndir sem ég lagði fram í Hverfið mitt 2020-2021 og þeim var vísað frá. Ég vil hins vegar koma með frekari ábendingu um þessi þrjú erindi og vonast til að það komist skriður á þeirra mál.

1. Tjörn við róló/leikvöll:

Þetta er skjáskot af minni tillögu fyrir Hverfið mitt



Hvað viltu láta gera? Móta tjörn/tjarnir norðvestan við leikvöll (róló) í miðju hverfinu. Þarna þarf að halda áfram með endurheimt votlendis og hjálpa votlendisgróðri að koma sér á skrið, auka líffræðilega fjölbreytni í gróðri og dýralífi. Tjörn og votlendisumhverfi í miðju hverfinu myndi gera sterkari heildarsvip fyrir svæðið, sem samkomu stað. Þarna er útigrill á tjarnir

Hvað viltu láta gera? Móta tjörn/tjarnir norðvestan við leikvöll (róló) í miðju hverfinu. Þarna þarf að halda áfram með endurheimt votlendis og hjálpa votlendisgróðri að koma sér á skrið, auka líffræðilega fjölbreytni í gróðri og dýralífi. Tjörn og votlendisumhverfi í miðju hverfinu myndi gera sterkari heildarsvip fyrir svæðið, sem samkomu stað. Þarna er útigrill á tjarnir

Hvers vegna viltu láta gera það? Þarna er votlendi sem var áður framræst. Fyllt var upp í skurði og örfáum trjám plantað en flötin er mýrblaut og erfið til sláttu. Svæðið nýtist illa eins og það lítur út í dag og trén hafa ekki gott af þessu umhverfi. Hvernig væri að snúa vörn í sókn og endurheimta votlendi alla leið? Sýna samfélagslega ábyrgð á litlum skala skiptir líka gríðarlega miklu máli fyrir heildina. Fá sérfræðinga Votlendissjóðs til að meta stöðu svæðisins.

RÖK (1)

ANDIR (0)

LOKA

Svar frá Eiríki Búa Halldórssyni segir að hugmyndin sé „tæk* til kosningar í verkefninu Hverfið mitt 2020 - 2021 þar sem verkefni hugmyndarinnar er ekki innan verkefna / valdheimilda Reykjavíkurborgar eða ekki á borgarlandi.“

Mitt mót svar: þetta svæði sem um ræðir er skilgreint sem lóð undir leikskóla á Deiliskipulagi Reykjavíkurborgar frá 1998. Hofsgrund 2. Í millitíðinni hefur annað deiliskipulag litið dagsins ljós fyrir leikskóla við Klébergsskóla 2002. Og þar stendur flotti Leikskólinn Berg. Því spyr ég hvað þarf til þess að hnekkja þessu gamla deiliskipulag fyrir þessa skilgreindu lóð? Stendur enn til að reisa annan leikskóla síðar meir? Eða verður þetta áfram draugablettur í miðju hverfinu sem ekkert má gera við? Hverfinu sárvantar „hjarta“ og ég sá að fleiri íbúar settu inn hugmynd að sullupolli eða tjörn á þessu sama svæði.

2. Bergvík 2: KRÍA kaffihús og munasafn

Þetta er skjáskot af minni tillögu fyrir Hverfið mitt



Bergvík 2
María Theodorsson

RÖK (2)

Hvað viltu láta gera?

Reykjavíkurborg bjóði upp á samkomu- og menningarhús í anda Gerðubergs í Eyfahúsi (Bergvík 2, Víkurgrund 1A/1C). Kjalnesingum vantar stað þar sem þessir menningarheimar geta komið saman og skapað tengsl. Þannig styrkist samfélagið, þannig víkkum við sjóndeildarhringinn. Hvar er betra en yfir mat og drykk? Kynnast matarmenningu, þróni og tónlist.

Hvers vegna viltu láta gera það?


Húsið hefur frá upphafi þjónustað ábúendur Kjalarness sem hæsnahús, smíðaverkstæði, geymsla fyrir verktaka og búnað björgunarsveitarinnar Kjölur, og auðvitað íbúðarhús. Ég vil sjá húsið fá endurnýjun lífdaga; góða staðsetningin og útsýnið nýtt til að bæta við þjónustu til íbúa og vegfarenda á svæðinu. Sjósund, skólar og íþróttahús með Klébergslaug (útsýnissundlaug Reykjavíkurborgar) dregur til sín fólk. KRÍA kaffihús myndi fá það til að staldra lengur við og njóta þess sem Hofsvíkinn gerir best: útsýni yfir Faxaflóann. Komandi hundagerði styður einnig við þjónustu handa hundaeigendum. Svokallað munasafn (e. tool library) í líkingu við Reykjavík Tool Library með aðstöðu á vélaverkstæðis hluta hússins myndi stórbæta þjónustu við Kjalarnes svæðið. Auka á samfélagsmynd og samheldni með hringrásahagkerfi að leiðarljósi. Kjalnesinga vantar samkomu stað þar sem gefst færi á að setjast niður og mynda tengsl. Esjuskáli rúmar ekki að margir setjist niður og Fólkvangur nýtist til útleigu en ekki daglegrar opunar. Hreppurinn svokallaður er handhægur fyrir ýmis félög og starfsemi en ekki almenna og óvænta hópamyndun og kynni. KRÍA nafnið vísar til fyrrum merki Kjalarneshrepps þar sem kría var í forgrunni. Krían er harðger fugl sem ferðast langar vegalengdir. Á Kjalarnesi býr harðgert fólk og hingað flytjast líka einstaklingar og fjölskyldur sem koma langt að. Verkamenn í matvælaíðnaði frá hinum ýmsu löndum Evrópu og sömuleiðis hælisleitendur sem bíða þess að fá hér landvistarleyfi. Okkur vantar stað þar sem þessir menningarheimar geta komið saman og skapað tengsl. Þannig styrkist samfélagið, þannig víkkum við sjóndeildarhringinn. Hvar er betra en yfir mat og drykk? Kynnast matarmenningu, þróni og tónlist. Boðið upp á léttan mat og bakkelsi með nýtingu hráefnis af svæðinu (Stjörnugrís, Stjörnuegg, Matfugl, Bakki o.fl.).

Svar frá Eiríki Búa Halldórssyni segir að hugmynd sé ekki tæk vegna þess að „Hugmyndin felur í sér verulegan rekstrarkostnað og fellur því ekki að reglum verkefnisins. Hugmyndinni verður komið áfram sem ábendingu til viðkomandi sviðs innan borgarinnar.“

Mitt mótsvar: það var ekki ætlunin með þessari hugmynd að Reykjavíkurborg sæi um rekstur þessarar starfsemi sem hugmynd hljóðar upp á. Hugmyndin er klaufalega sett fram, ég vissi fullvel að viðhaldsverkefni og rekstrarþing verkefni ættu ekki heima þarna. Mín hugsun var sú að Reykjavíkurborg girti í brók og finndi farveg fyrir þetta húsnæði. Kæmi því í sölu og greiddi götuna fyrir að þess konar starfsemi eins og nefnd er í hugmynd geti plantað sér í húsinu. Auglýst eftir slíkri starfsemi gegn einhverri málamiðlunarleigu næstu 5 árin, t.d. 10 kr, gegn því að húsið verði strípað og gert upp sem stenst allar kröfur um húsnæði undir rekstur kaffihúss eða slíks. Eyfahús þarf að hefja til vegs og virðingar.

3. Aðkoma í Blikdal

Þetta er skjáskot af minni tillögu í Hverfið mitt



The screenshot shows a mobile application interface with a survey question. At the top, there is a header with a landscape image and the text: "Hvað viltu láta gera? Akveg og bílastæði við mynni Blikdals. Upplýsingaskilti um náttúru, sögu, göngukort með tillögu að leiðarvali, urna. sta. i i ustin eða". Below this is a question: "Hvað viltu láta gera?" followed by a paragraph: "Akveg og bílastæði við mynni Blikdals. Upplýsingaskilti um náttúru, sögu, göngukort með tillögu að leiðarvali, hvað ber að varast og hvers konar útbúnað er þörf á t.d. á veturna." Below that is another question: "Hvers vegna viltu láta gera það?" followed by a longer paragraph: "Kjalarnes svæði státar af besta útivistarsvæði borgarinnar en aðgengi er ábótavant. Í bakgarði Grundarhverfis er Blikdalur þar sem margir sækja sér ber á haustin eða fara í gönguferðir mest allt árið. Í þriðja áfanga breikkunar Vesturlandsvegjar er gert ráð fyrir vigtarplani og áningarstað skammt frá, en ég vil að borgin setji fjármagn og kraft í að leggja línur varðandi útivist í Blikdal. Aðsókn í Esjuna, þá sérstaklega við Mógilsá, hefur aukist gríðarlega. Búum í hagin og gerum veglega aðkomu við Blikdal og nágrenni. Þarna má tengja við skógrækt suður úr í átt að Amarhamarsrétt og póstleiðina gömlu. Ef lagt væri vinnu og fjármagn í betra aðgengi frá Vesturlandsvegi að mynni dalsins og bílastæði með upplýsingaskiltum þá gæti skapast meiri aðsókn í þjónustu á Kjalarnesi: sundlaug og sjoppu. Ganga upp að Smábúfum, staltra svo við í Klébergslaug og jafnvel nýta göngustíga og fjöru. Versla í Esjuskála áður en haldið heim. Við þurfum alla þá punkta sem við getum nýtt til að fá fólk til að staltra við á okkar svæði, skapa aðdráttarfl BÆÐI FYRIR AÐKOMUFÓLK OG MÖGULEGA ÍBÚA SVÆÐIS." On the left side, there is a profile card for "Aðkoma a María Theor" with "RÖK (1)" below it. On the right side, there is a card for "ANDIR (0)".

Svar Eiríks Búa Halldórssonar var á þá leið að hugmyndin væri ekki tæk því „ Svæðið sem um ræðir er í uppbyggingu og/eða breytingar fyrirhugaðar á komandi árum og því ekki tímabært að kjósa um að svo stöddu. Hugmyndinni verður komið áfram sem ábendingu inn í það ferli.“

Næsti áfangi breikkunar Vesturlandsvegjar, frá Vallá að Hvalfjarðarvegi átti að bjóða út í haust 2020 og áætluð verklok 2023. Nú þekki ég ekki nógu vel inn á skipulags og framkvæmdarferli svona verka en er ekki verkið komið það langt að öll ákvarðanatataka og lega akgreina, útskota, bílastæða, fráreina og allt slíkt liggja fyrir? Þó að verkið verði framkvæmt 2022-2023 þá finnst mér engu að síður að kostnaður við skipulag og útlit við aðkomu í Blikdal hljóti að koma til skiptanna árið 2021. Og Hverfið mitt er fyrir 2020-2021. Getið þið í íbúaráði fylgt þessu eftir sem Eiríkur nefnir, að hugmyndin komi sannanlega inn í ferli og framkvæmd?

Beztu kveðjur,
María Theodórsdóttir